





Ársskýrsla 2020-2021

Félagið í hnotskurn

Fjöldi starfandi félagsmanna



Hjúkrunarfræðingar með starfsleyfi




**FÉLAGSMENN Á
HÖFUÐBORGARSVÆÐINU
ERU 2.438**


**FÉLAGSMENN Á
LANDSBYGGÐINNI
ERU 1.140**

**FÉLAGSMENN BÚSETTIR
ERLENDIS ERU 68**


Starfandi félagsmenn eftir kyni



Aldursskipting starfandi félagsmanna



Starfandi félagsmenn eftir búsetu



Ársskýrsla stjórnar

starfsárið 2020-2021

Starfsár félagsins með breyttu sniði

Starfsárið var óvenjustutt, eða aðeins 8 mánuðir, en vegna samkomutakmarkana var aðalfundur félagsins haldinn í september í stað maímánaðar. Covid-19 hefur einnig leitt til þess að nær allir fundir stjórnar hafa verið með öðru sniði en venjulega, þ.e. styttri, tíðari og með fjarfundabúnaði, og gafst það mjög vel. Haldnir voru 12 stjórnarfundir, auk vinnudags stjórnar, og eru fundargerðirnar aðgengilegar á vef félagsins. Unnið var eftir starfsáætlun sem samþykkt var á aðalfundi 2020 og lagði stjórn megináherslu á hjúkrun og samfélagið, kjaramál og starfsumhverfi, starfssvið hjúkrunarfræðinga og þjónustu við félagsmenn og fræðslu þeim til handa.

Covid-19 faraldurinn hafði áhrif á allt starfsár stjórnar Fih en eftir reynslu síðastliðins árs hefur orðið auðveldara eftir því sem leið á starfsárið að aðlaga verkefni starfsáætlunarinnar að aðstæðum. Fresta þurfti nær öllum viðburðum á vegum félagsins að undanskildum þeim sem hægt var að halda rafrænt. Ákveðið hefur verið að halda þá viðburði sem hafa frestast á næsta starfsári.

Stefnt er að því að halda hjúkrunarþing og fleiri áhugaverða viðburði um leið og tækifæri gefst. Störf hjúkrunarfræðinga hafa sjaldan verið eins áberandi í samfélaginu og á tímum covid-19 og hafa þeir staðið vaktina með miklum sóma. Þessir fordæmalausir tímar hafa meðal annars leitt af sér áhugavert frumkvöðlastarf innan stéttarinnar og nýjungar sem mikilvægt er að gera góð skil á ráðstefnum í framtíðinni.

Stefna í hjúkrunar- og heilbrigðismálum

Á starfsárinu hefur verið unnið að því að endurnýja stefnu félagsins í hjúkrunar- og heilbrigðismálum og mun hún gilda til ársins 2030. Stefnan tekur gildi á aðalfundinum 26. maí ár og tekur mið af heilbrigðisstefnu heilbrigðisráðuneytisins fyrir íslenska heilbrigðisþjónustu til ársins 2030 og stefnur félagsins í heilsugæsluhjúkrun, hjúkrun eldri borgara, endurhæfingarhjúkrun og geðhjúkrun. Þá er tekið mið af áherslum Alþjóððaheilbrigðismálastofnunarinnar (WHO), Alþjóðaráðs hjúkrunarfræðinga (ICN) og heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna. Það er von stjórnar að hjúkrunarfræðingar og yfirvöld eigi eftir að nýta





sér þessa stefnu í framtíðarskipulagi og þróun á hjúkrunar- og heilbrigðisþjónustu í landinu.

Starfsumhverfi á tímum covid-19

Um áramótin var gerð könnun á vegum félagsins meðal starfandi hjúkrunarfræðinga á starfsumhverfi þeirra á tímum covid-19, aðbúnaði og líðan í starfi. Hluti rannsóknarinnar var samanburðarhæfur við fyrri rannsókn frá 2017. Fjallað var um niðurstöðurnar í fyrsta tölublaði 2021 í Tímariti hjúkrunarfræðinga og eru hjúkrunarfræðingar hvattir til að kynna sér þær.

Fjarfundabúnaður félagsins var endurnýjaður, bæði í sal félagsins og í Sigríðarstofu, sem mun auðvelda öll samskipti og þátttöku hjúkrunarfræðinga um allt land í þeim viðburðum og fjarfundum sem haldnir verða í húsnaði félagsins. Þessi endurnýjun eykur möguleikana á

fjarfundum og þá um leið aukinni þátttöku þeirra sem ekki eru á staðnum.

Maður kemur í manns stað

Á starfsárinu hafa orðið breytingar hjá starfsfólki á skrifstofu félagsins. Gunnar Helgason, sviðsstjóri kjara- og réttindasviðs, lét af störfum í janúar eftir tæplega sex ára farsælt og óeigingjarnt starf í þágu félagsins. Hann hefur barist ötullega fyrir bættum kjörum hjúkrunarfræðinga og hefur sú barátta skilað verulega bættum kjörum. Í hans stað mun Jón Tryggvi Jóhannesson taka við keflinu og hefur hann störf 1. júní 2021. Jafnframt hætti Aðalbjörg J. Finnbogadóttir, fyrrum sviðsstjóri fagsviðs, í lok apríl eftir 24 ára gjöfult starf hjá félaginu. Framlag hennar til hjúkrunar er mikið og hefur hún unnið ómetanlegt starf í þágu hjúkrunar og hjúkrunarfræðinga. Hún hefur haft mikil áhrif á stefnumörkun hjúkrunar í landinu, auk þess að

hafa alltaf barist fyrir fagið og stéttina á öllum stigum stjórnkerfisins. Helga Ólafs, ritstjóri Tímarits hjúkrunarfræðinga, lætur einnig af störfum í lok maí 2021 eftir hartnær sex góð ár í starfi. Hún hefur sinnt starfi sínu af metnaði og fagmennsku, farið ótroðnar slóðir og breytt ásýnd tímaritsins. Í hennar stað hefur verið ráðinn nýr ritstjóri, Sigríður Elín Ásmundsdóttir, og hóf hún störf 1. maí 2021.

Stjórn félagsins vill þakka Gunnari, Aðalbjörgu og Helgu af heilum hug fyrir þeirra góðu vinnu í þágu stéttarinnar og óskar þeim velfarnaðar í nýjum verkefnum, um leið og hún býður Sigríði og Jón Tryggva velkomin til starfa.

Guðbjörg Pólsdóttir
formaður Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga

**Á STARFSÁRINU HEFUR
VERIÐ UNNIÐ AÐ ÞVÍ
AÐ ENDURNÝJA STEFNU
FÉLAGSINS Í HJÚKRUNAR- OG
HEILBRIGÐISMÁLUM OG MUN
HÚN GILDA TIL ÁRSINS 2030**

Fagleg mál

Stefna Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga í hjúkrunar- og heilbrigðismálum til 2030

Á árinu var unnið að því að uppfæra núverandi stefnu Fih í hjúkrunar- og heilbrigðismálum til ársins 2030. Nýja stefnan tekur hliðsjón af stefnu heilbrigðisráðuneytisins fyrir íslenska heilbrigðisþjónustu til sama tíma. Stefna félagsins styður við markmið íslenskrar heilbrigðisölggjafar sem er sú að allir landsmenn eigi kost á fullkomnustu heilbrigðisþjónustu sem hægt er að veita á hverjum tíma til að vernda andlega, líkamlega og félagslega heilsu fólks. Hjúkrunarfræðingar eru fjölmennasta heilbrigðisstétt landsins og hryggjarstykkið í heilbrigðisþjónustunni. Því er mikilvægt að stefna félagsins styðji við heilbrigðisstefnu landsins, sem hjúkrunarfræðingar tóku þátt í að móta.

Til stóð að halda hjúkrunarþing 2021 á vordögum til að kynna drögin og vinna í framhaldi að nýrri stefnu Fih í heilbrigðis- og hjúkrunarmálum. Vegna covid-19 var ekki hægt að halda hjúkrunarþingið.

Aðalbjörg Finnbogadóttir, verkefnastjóri fagsviðs, var því fengin til að skrifa stefnuna í samstarfi við stjórn og fagdeildir félagsins, og stefnan lögð fyrir aðalfund 2021.

Könnun um líðan hjúkrunarfræðinga á tímum covid-19

Alþjóðaráð hjúkrunarfræðinga (ICN) gaf út skýrslu í janúar 2021 um líðan hjúkrunarfræðinga á tímum covid-19. Þar kom fram að 2.262 hjúkrunarfræðingar í 59 löndum hafa látist af völdum covid-19 og voru flest dauðsföllin í Brasilíu, Mexíkó og Bandaríkjunum. Í skýrslunni kemur fram að hjúkrunarfræðingar, víðs vegar um heim, hafa sýnt einkenni á borð við kulnun, andlega þreytu, svefntruflanir og þunglyndi í tengslum við faraldurinn. Fih ákvað að kanna starfsumhverfi, aðbúnað og líðan starfandi hjúkrunarfræðinga á Íslandi á tímum covid-19. Könnunin var framkvæmd á tímabilinu 17. nóvember 2020 til 18. janúar 2021, og var svarhlutfallið 55,4%. Hluti spurninganna voru þær sömu og sendar

voru út árið 2017, og því hægt að nýta fyrri svör til samanburðar. Niðurstöður úr könnuninni gefa góða mynd af viðhorfum hjúkrunarfræðinga til starfsins, líðan þeirra og ýmsum þáttum sem snerta störf þeirra í faraldrinum. Fjallað var um helstu niðurstöður í fyrsta tölublaði Tímarits hjúkrunarfræðinga 2021, og mun félagið nýta niðurstöðurnar til úrbóta og í hagsmunagæslu stéttarinnar.

Námskeið og fræðsla

Sökum Covid-19 var ekki hægt að halda nein námskeið fyrir hjúkrunarfræðinga í húsakynnum félagsins. Félagsmönnum bauðst þess í stað rafræn fræðsla sem var aðgengileg á vefsíðu félagsins. Meðal þess sem boðið var upp á var fræðsla um svefn og áhrif hans á vaktavinnu, samskipti á vinnustað, jákvæða sálfræði, markmiðasetningu og örugga tjáningu. Einnig var hjúkrunarfræðingum boðið upp á að auka tölvufærni sína.

**HJÚKRUNARFRÆÐINGAR
ERU FJÖLMENNASTA
HEILBRIGÐISSTÉTT LANDSINS
OG HRYGGJARSTYKKIÐ Í
HEILBRIGÐISÞJÓNUSTUNNI**

Kjara- og réttindamál

Megináherslur í kjaramálum á starfsárinu voru lagðar á kjara- og stofnanasamningsviðræður, ásamt því að stéttarfélög og launagreiðendur unnu sameiginlega að því að innleiða styttingu vinnutíma dag- og vaktavinnufólks.

Kjarasamningar

Kjarasamningsviðræður héldu áfram og voru kjarasamningar undirritaðir við aðra viðsejendur en ríki og Reykjavíkurborg. Kjarasamningur við Samband íslenskra sveitarfélaga var undirritaður í október 2020 og í byrjun desember var undirritaður samningur við Samtök fyrirtækja í velferðarþjónustu (SFV). Í mars 2021 var gengið frá kjarasamningi við Reykjalund og Heilsustofnun Náttúrulækningafélags Íslands (NLFÍ) en þeir byggjast á kjarasamningnum við SFV.

Helstu breytingar á nýgerðum kjarasamningum snúa að breytingum á orlofskafla samninganna, vinnutíma dag- og vaktavinnufólks, rétti til sí- og endurmenntunar og yfirvinnuprósentu, auk undanþágu frá nætur- og bakvöktum við 55 ára aldur.

Stofnanasamningar

Gerðardómur skilaði niðurstöðu í september 2020 og kvað á um útdeilingu fjármagns til heilbrigðisstofnana fyrir gerð stofnanasamninga. Undirritaður var endurskoðaður stofnana-samningur við Landspítala í september, Sjúkrahúsið á Akureyri í október og Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins í desember 2020. Unnið hefur verið að sameiginlegum stofnanasamningi við heilbrigðisstofnanir á landsbyggðinni og lýkur þeirri vinnu í maí. Unnið er að endurskoðun stofnanasamninga við fyrirtæki innan SFV og stefnt er á að henni verði lokið fyrir sumarið. Samþykkt var starfsmat starfa hjúkrunarfræðinga sem þiggja laun skv. kjarasamningi við Samband íslenskra sveitarfélaga og var það hluti af kjarasamningi 2015. Það var svo innleitt í október 2020.

Stytting vinnuviku

Veigamesta verkefni kjara- og réttindasviðs á starfsárinu hefur verið að innleiða styttingu vinnuviku í dagvinnu og betri vinnutíma vaktavinnufólks. Stýrihópur og innleiðingaráhópar



stéttarfélag og Reykjavíkurborgar, ríkis og sveitarfélaga innleiddu breytingar á vinnutíma eftir fylgiskjali 1 og 2 í kjarasamningunum. Vinnuvika vaktavinnufólks fór úr 40 stundum í 36 stundir frá 1. maí 2021. Með frekari útfærslu getur vinnuvikan stýst niður í allt að 32 stundir. Vinnuvika dagvinnufólks stýttist um áramót um að lágmarki 13 mínútur á dag. Með samkomulagi á stofnun er hægt að minnka vinnutíma í fullu starfi niður í allt að 36 klst. gegn niðurfellingu á forræði neysluhléa.

Réttindamál

Réttindamál hjúkrunarfræðinga eru einn veigamesti þáttur í reglulegri starfsemi kjara- og réttindasviðs. Starfsmenn kjara- og réttindasviðs reyna eftir fremsta megni að leysa mál félagsmanna án afskipta dómstóla. Á starfsárinu fór eitt mál fyrir félagsdóm vegna ólögmætrar uppsagnar hjúkrunarfræðings og er úrskurðar að vænta í lok maí 2021.

Covid-19

Covid-19 faraldurinn hefur haldið áfram að koma við sögu og hafa því upplýsingar og svör honum tengd verið uppfærð reglulega í spurt og svarað á vef Fih. Mál einstakra hjúkrunarfræðinga sem sýktust af covid-19 við störf voru sett í viðeigandi ferli og hefur lögmaður Fih unnið að þeim í samvinnu við þá en nauðsynlegt er að tilfelli séu rétt tilkynnt og skráð. Jafnframt hefur Fih átt samstarf við Læknafélag Íslands, Sjúkraliðafélag Íslands, Vinnueftirlitið og Embætti landlæknis í

því skyni að fá veikindi vegna covid-smits við störf viðurkennd sem vinnuslys eða atvinnusjúkdóm. Vinnueftirlitið vinnur nú að málinu og litið er m.a. til hinna þjóðanna á Norðurlöndum við lausn málsins.

Kynningarfundir á starfsemi félagsins

Kjara- og réttindasvið Fih hélt tvo kynningarfundi um kjara- og réttindamál fyrir erlenda hjúkrunarfræðinga á Landspítala, annan í september 2020 og hinn í mars 2021. Jafnframt var haldin árleg kynning fyrir nýútskrifaða hjúkrunarfræðinga á starfsþróunarári á Landspítala í fjarfundi í október. Vegna samkomutakmarkana var ekki hægt að halda hefðbundna kynningu á Fih fyrir fjórða árs

hjúkrunarnema sem fag- og stéttarfélagi þeirra í framtíðinni. Vonir standa til að hægt verði að halda slíka kynningu sem fyrst, en ella verða haldnir fjarfundir.

Haldnir voru tveir fjarfundir með trúnaðarmönnum á landsvísi þar sem farið var yfir stöðu kjaramála á starfsárinu. Einnig voru haldnar þrjár kynningar með fjarfundabúnaði með hjúkrunarfræðingum um styttingu vinnuviku og betri vinnutíma vaktavinnufólks, ásamt minni fundum fyrir starfseiningar og minni stofnanir. Sérstök upplýsingasiða var sett upp á vef félagsins um betri vinnutíma þar sem dregnir eru fram helstu þættir tengdir innleiðingarferlinu.

**VEIGAMESTA VERKEFNI
KJARA- OG RÉTTINDASVIÐS Á
STARFSÁRINU HEFUR VERIÐ AÐ
INNLEIÐA STYTTINGU
VINNUVIKU Í DAGVINNU
OG BETRI VINNUTÍMA
VAKTAVINNUFÓLKS**




Orlofsmál

Síðastliðinn vetur hefur stjórn orlofssjóðs unnið að skipulagningu komandi orlofsárs og nýtt sér niðurstöður þjónustu- og notendakannana meðal sjóðfélaga við þá stefnumótun. Niðurstöður notendakönnunar voru m.a. þær að sjóðfélagar væru ánægðir með þá orlofskosti sem hafa verið í boði og vildu bæta við fleiri kostum um allt land. Nýting orlofskosta hefur verið góð allt síðastliðið ár.

Nokkrar breytingar hafa orðið á upplýsingagjöf frá stjórn orlofssjóðsins til sjóðfélaga. Ákveðið var að hætta útgáfu Orlofsblaðsins, nýta vef Orlofssjóðs betur og bæta upplýsingaflæði til sjóðfélaga þar. Allar upplýsingar um orlofshúsnæðið eru á orlofsvefnum en þar koma fram upplýsingar um leigutíma, verð, leigutímabil og fleira.

26 orlofskostir verða í boði í sumar auk hótelmiða um allt land líkt og fyrri ár.

Seld gjafabréf orlofssjóðs 2020



**HEILDARFJÖLDI SELDRA
GJAFABRÉFA 2020
VAR 4.163**



Sjóðir

Vísindasjóður Fih

Vísindasjóður skiptist í tvo hluta, A- og B-hluta. Styrkir úr A-hluta eru greiddir beint til félagsmanna sem starfa hjá hinu opinbera í febrúar og í ár voru greiddir styrkir til 3.606 félagsmanna og nam heildarupphæðin 144.000.000 krónum.

Alls bárust 19 umsóknir í B-hluta vísindasjóðs hjúkrunarfræðinga að heildarupphæð 26.084.450 krónur og úthlutað var alls 11.084.450 krónum.

Starfsmenntunarsjóður

Á árinu 2020 voru samþykktar 755 umsóknir að upphæð 33.266.056 krónur. Umsóknum fækkaði töluvert frá fyrra ári, eða um 45%. Farið var í heildarendurskoðun á starfs- og úthlutunarreglum sjóðsins á árinu. Meginbreytingin er sú að hámarksstyrkur var hækkaður í 240.000 krónur á 24 mánaða tímabili. Áður var að hámarki veittur 55 þúsund króna styrkur árlega og er þetta því hækkan um 118%. Með lengingu tímabilsins úr


einu ári í 24 mánuði gefst félagsmönnum kostur á að nýta styrkinn í stærri námskeið, skólagjöld eða ráðstefnur og sækja má um oftari en einu sinni á tímabilinu. Breyting þessi kemur til af bókun í samþykktari miðlunartillögu ríkissáttasemjara, en þar er einnig kveðið á um að hjúkrunarfræðingar hjá ríkinu eigi rétt á 10 daga launuðu leyfi árlega frá 1. ágúst 2020 til endurmenntunar eða framhaldsnáms.

Styrktarsjóður


Samþykkt var 2.851 umsókn á liðnu ári að upphæð 215.315.369 krónur. Þetta er fjölgun umsókna um 0,7% miðað við árið áður og heildarfjárhæð styrkja jókst einnig á milli ára, eða um 19,8%. Heilsustyrkurinn var hækkaður úr 50.000 kr. í 60.000 kr. fyrir árið 2021.

Stærsti hluti styrkja styrktarsjóðs er vegna sjúkradagpeninga, eða 42%. Umsóknum vegna sjúkradagpeninga fjölgaði um 36% á milli ára, fóru úr 261 umsókn í 355.


Fjöldi umsókna í starfsmenntunarsjóð




Hlutfall félagsmanna á sjúkradagpeningum



Skipting styrkja í starfsmenntunarsjóði



Styrkveitingar styrktarsjóðs 2020



**SAMÞYKKTAR
UMSÓKNIR Í
STARFSMENNTUNAR-
SJÓÐ VORU 755**

**144 MILLJÓNIR
KRÓNA VAR
HEILDARUPPHÆÐ
STYRKJA ÚR A-HLUTA
VÍSINDASJÓÐS FYRIR
ÁRIÐ 2019**

Útgáfa

Tímarit hjúkrunarfræðinga

Tímarit hjúkrunarfræðinga var gefið út tvisvar á starfsárinu (í nóvember og apríl) í prentaðri útgáfu og dreift til allra félagsmanna, heilbrigðisstofnana og ráðamanna. Auk þess að vera vettvangur fræðilegrar umfjöllunar um hjúkrun er leitast við að fjalla um málefni líðandi stundar. Tímaritið er aðgengilegt á vefsíðu Fih auk þess sem völdu efni er deilt á Facebook-síðu félagsins.

Vefur og samfélagsmiðlar

Heimsóknir á vef félagsins voru að meðaltali 22.500 á mánuði árið 2020, miðað við talningu vefmælingarkerfisins Google analytics, og er það um þriðjungsfjölgun frá árinu áður. Mírar síður voru heimsóttar að meðaltali fjögur þúsund sinnum í mánuði á sama tímabili. Heimsóknir þangað hafa tvöfaldast frá árinu áður en þessi gífurlega aukning skýrist að nokkru af kjarasamningum og efni þeirra á læstum svæðum vefsins.

Facebook-fylgjendur eru nú ríflega 3700 og tæplega þúsund fylgja félaginu á Instagram. Á póstlista eru skráðir 3200 og fá þeir reglulega rafrænt fréttabréf með tölvupósti.



Erlent samstarf

SSN

Fíh er hluti af SSN (Sygeplejerskernes Samarbejde i Norden) sem er samvinna félaga hjúkrunarfræðinga á Norðurlöndunum. SSN er í forsvari fyrir meira en 320.000 hjúkrunarfræðinga og tilgangurinn er að vinna að málefnum hjúkrunar. Að undanfögnu hefur SSN verið að skoða starfsnám í hjúkrunarfræði á Norðurlöndunum og staða yfirhjúkrunarfræðings í stjórnsýslu (CNO/GCNMO) er enn til skoðunar í hverju landi fyrir sig. Einnig var staða kjaramála og skortur á hjúkrunarfræðingum á Norðurlöndunum skoðuð. SSN stóð fyrir tveimur rafrænum stjórnarfundum þar sem staða hjúkrunarfræðinga á Norðurlöndunum á tímum covid-19 var til umræðu.

EFN

EFN (European Federation of Nurses), sem Fíh er hluti af, hélt tvo rafræna fundi, annan í október og hinn í apríl. Eðli málsins samkvæmt hefur fundarefni á síðustu fundum snúist fyrst og fremst um stöðu hjúkrunarfræðinga í Evrópu vegna covid-19, og áhrif faraldursins á hjúkrunarfræðinga.

ICN

Alþjóðaráð hjúkrunarfræðinga (ICN) eru samtök hjúkrunarfélaga í rúmlega 130 löndum og annað hvert ár heldur ICN fulltrúaþing þar sem málefni hjúkrunar á heimsvísu eru rædd. Í ár verður rafrænt fulltrúaþing ICN haldið 4.-6. október næstkomandi.

**SSN ER Í FORSVARI
FYRIR MEIRA EN 320.000
HJÚKRUNARFRÆÐINGA OG
TILGANGURINN ER AÐ VINNA
AÐ MÁLEFNUM HJÚKRUNAR**



Ályktanir, umsagnir, nefndir og ráð

Ályktanir og umsagnir

Aðalfundur 2020 ályktaði um niðurstöðu gerðar-dóms en í greinargerð dómsins kemur meðal annars fram að hjúkrunarstéttin sé vanmetin til launa miðað við ábyrgð í starfi. Aðalfundur Fíh krafðist þess að hjúkrunarfræðingar fái laun í samræmi við menntun, ábyrgð í starfi og framlag þeirra til heilbrigðisþjónustu.

Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga hefur veitt umsagnir um ýmiss konar mál er varða hjúkrunarfræðinga, hjúkrun og heilbrigðisþjónustu. Meðal umsagna sem félagið hefur sent til nefndasviðs Alþingis eru umsögn um breytingar á lögum um heilbrigðisþjónustu, umsögn um lög um öryggisbúnað, umsögn um frumvarp til laga um ávana- og fíkniefni, umsögn um frumvarp til laga um rafrettur og áfyllingu fyrir rafrettur, umsögn um skoðanakönnun um afstöðu til dánaraðstoðar meðal heilbrigðisstarfsfólks og umsögn um þingsályktunartillögu um lýðheilsustefnu.

Nefndir og ráð starfsárið 2020-2021

Í **kjörnefnd** sátu Baldvina Ýr Hafsteinsdóttir, formaður nefndarinnar, og Ólöf Árnadóttir. Laufey Andrea Emilsdóttir og Unnur Ýr Þormóðsdóttir sátu í nefndinni en þurftu að hverfa frá störfum á starfsárinu.

Hlutverk nefndarinnar er að annast undirbúning og framkvæmd formannskjörs og kosninga til stjórnar félagsins, í nefndir þess og önnur þau störf sem kosið er um.

Í **muna- og minjanefnd** sátu Ingibjörg Pálmadóttir formaður, Bergdís Kristjánsdóttir, Guðrún Kristjánsdóttir og Sigprúður Ingimundardóttir. Elísabet Hjörleifsdóttir sat í nefndinni en lét af störfum á starfstímabilinu.

Hlutverk nefndarinnar er m.a. að safna saman munum í eigu félagsins og koma þeim fyrir til varðveislu á viðeigandi hátt.

Í **ritnefnd** sátu Aðalbjörg Stefania Helgadóttir, formaður nefndarinnar, Alda Ásgeirsdóttir, Anna Ólafía Sigurðardóttir, Hafdís Skúladóttir, Hrund Scheving Thorsteinsson, Kristín Rósa Ármannsdóttir og Þorbjörg Jónsdóttir.

Hlutverk ritnefndar er að marka, ásamt ritstjóra, stefnu tímaritsins og annast umsjón með útgáfu þess.

Í **samninganefndum** sátu Gunnar Helgason, formaður nefndanna, Guðbjörg Pálsdóttir, Eva Hjörtína Ólafsdóttir og Harpa Júlía Sævarsdóttir. Guðbjörg Pálsdóttir tók við formennsku nefndanna í ársbyrjun 2021, þegar Gunnar Helgason lét af störfum. Auk þeirra sátu í samninganefnd við ríkið Brynja Dröfn Jónsdóttir og Sigríður Elísabet Árnadóttir. Í samninganefnd við Reykjavíkurborg voru Aníta Elínardóttir og Jórunn Ósk Frímansdóttir Jensen en Hrefna Guðmundsdóttir tók við af Anítu í maí 2020.

Samninganefndir annast gerð kjarasamninga við viðsemjendur félagsins.

Í **siðanefnd** sátu Aðalheiður D. Matthíasdóttir formaður, Birna Óskarsdóttir, Guðbjörg Svava Ragnarsdóttir, Guðríður K. Þórðardóttir, Harpa Þöll Gísladóttir, Ragnhildur Rós Indriðadóttir og Þórgunnur Hjaltadóttir.

Siðanefnd er faglegur farvegur félagsins fyrir siðfræðileg álitamál og er stjórn félagsins, fagdeildum og félagsmönnum til ráðgjafar varðandi álit og umsagnir um þau mál. Einnig fjallar nefndin um kærumál er varða meint brot félagsmanna á siðareglum félagsins.

**ADALFUNDUR FÍH
KRAFÐIST ÞESS AÐ
HJÚKRUNARFRÆÐINGAR
FÁI LAUN Í SAMRÆMI VIÐ
MENNTUN, ÁBYRGÐ Í STARFI
OG FRAMLAG ÞEIRRA TIL
HEILBRIGÐISÞJÓNUSTU**

Kjörin stjórn og stjórnir sjóða

Stjórn félagsins geta einungis félagsmenn með fulla aðild skipað. Í stjórn sátu, auk formanns, sex stjórnarmenn og tveir varamenn.

Formannskjör fór fram í ársbyrjun 2021. Guðbjörg Pálsdóttir, formaður félagsins, er sjálfkjörinn formaður kjörtímabilið 2021-2025.

Stjórn Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga 2020-2021

Guðbjörg Pálsdóttir *formaður*
Halla Eiríksdóttir *varaformaður*
Gísli Níls Einarsson *gjaldkeri*
Guðný Birna Guðmundsdóttir *ritari*
Arndís Jónsdóttir
Hildur Björk Sigurðardóttir
Þóra Gunnarsdóttir
Varamenn
Guðrún Yrsa Ómarsdóttir
Hulda Sveinbjörg Gunnarsdóttir

Orlofssjóður

Lovísa Agnes Jónsdóttir *formaður*
Anna Lía Baldursdóttir
Björg Sigurðardóttir
Helga Harðardóttir
Sigríður Guðjónsdóttir

Starfsmenntunarsjóður

Eva Hjörtína Ólafsdóttir, *formaður, tilnefnd af Fih*
Ásdís Guðmundsdóttir, *tilnefnd af Fih*
Aldís Magnúsdóttir, *tilnefnd af fjármálaráðuneyti*
Anna Guðmundsdóttir, *tilnefnd af Reykjavíkurborg*

Styrktarsjóður

Aðalheiður D. Matthíasdóttir *formaður*
Sigrún Barkardóttir
Svanlaug Guðnadóttir
Varamenn
Ellen Stefanía Björnsdóttir
Inga Valborg Ólafsdóttir

Vísindasjóður

Marianne E. Klinke *formaður*
Árún K. Sigurðardóttir
Brynja Örlygsdóttir
Rannveig J. Jónasdóttir

Vinnudeilusjóður

Birgir Örn Ólafsson *formaður*
Anna Soffía Guðmundsdóttir
Eva Kristjánsdóttir
Varamenn
Olga Birgitta Bjarnadóttir
Eva Hjörtína Ólafsdóttir

Rannsókn- og vísindasjóður

Guðbjörg Pálsdóttir *formaður*
Herdís Sveinsdóttir
Sigríður Zoëga

Minningarsjóður Hans Adolfs Hjartarsonar

Guðbjörg Pálsdóttir *formaður*
Herdís Sveinsdóttir
Hrund Scheving Thorsteinsson

Minningarsjóður Kristínar Thoroddsen

Guðbjörg Pálsdóttir *formaður*
Herdís Sveinsdóttir
Sigríður Gunnarsdóttir
Steinunn Sigurðardóttir

**GUÐBJÖRG PÁLSDÓTTIR,
FORMAÐUR FÉLAGSINS, ER
SJÁLFKJÖRINN FORMAÐUR
KJÖRTÍMABILID 2021-2025**

Skrifstofa Fih

Í byrjun september 2020 voru 12 starfsmenn hjá Félagi íslenskra hjúkrunarfræðinga í tæplega 11 stöðugildum.

Þrír starfsmenn létu af störfum á starfsárinu: Gunnar Helgason sviðsstjóri kjarasviðs, Helga Ólafs ritstjóri og Aðalbjörg J. Finnbogadóttir verkefnastjóri. Aðalbjörg starfaði lengst af sem sviðsstjóri fagsviðs. Á vormánuðum 2021 hófu tveir nýir starfsmenn störf hjá félaginu, Sigríður Elín Ásmundsdóttir og Jón Tryggvi Jóhannsson.

Sigríður Elín Ásmundsdóttir tók við stöðu ritstjóra Tímarits hjúkrunarfræðinga. Hún er með BA-próf í mannfræði frá Háskóla Íslands og próf í hagnýtri fjölmiðlun frá sama skóla. Hún hefur hafið meistaranám á Menntavísindasviði Háskóla Íslands. Sigríður starfaði síðast sem ritstjóri Húsa og híbýla til 9 ára. Áður starfaði hún sem blaðamaður hjá tímaritaútgáfu.

Jón Tryggvi Jóhannsson tók við stöðu sviðsstjóra kjara- og réttindasviðs. Hann er lögfræðingur með MS-próf í mannauðsstjórnun og próf frá HR í markþjálfun. Jón Tryggvi starfaði áður sem launa- og mannauðsfulltrúi hjá Sólheimum. Þá hefur hann unnið við fasteignasölu og skjalagerð og vann til fjölda ára hjá Lífeyrissjóði verkfræðinga við lögfræðileg störf, ráðgjöf og þjónustu við sjóðfélaga.

Fastráðnir starfsmenn á skrifstofu félagsins

Bjarni Ingvarsson *umsjónarmaður eigna orlofssjóðs*

Edda Dröfn Daníelsdóttir *sviðsstjóri fagsviðs*

Eva Hjörtína Ólafsdóttir *kjararáðgjafi*

Guðbjörg Pálsdóttir *formaður*

Harpa Júlía Sævarsdóttir *sérfræðingur í kjaramálum*

Herdís Lilja Jónsdóttir *vef- og verkefnastjóri*

Jón Tryggvi Jóhannsson *sviðsstjóri kjara- og réttindasviðs*

Margrét Rafnsdóttir *fulltrúi*

Sigríður Elín Ásmundsdóttir *ritstjóri Tímarits hjúkrunarfræðinga*

Sólveig Stefánsdóttir *fjármálastjóri*

Steinunn Helga Björnsdóttir *umsjónarmaður sjóða*



Suðurlandsbraut 22
108 Reykjavík
540 6400

www.hjukrun.is